

Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum

Skólanefnd Framhaldsskóla – fundur 24. janúar 2008, kl 12:00.

Mætt: Elliði Vignisson, Gunnar Friðfinnsson, Ólafur Elísson, Sigurhanna Friðþórsdóttir, Sveinn Magnússon, Haraldur Pálsson, Magnús Sigurðsson og Ólafur H. Sigurjónsson. Páll Marvin mætti sem gestur.

1. Skólastarfið og það helsta framundan.

Skólameistari lagði fram stutt yfirlit um skólastarfið í upphafi annar og upplýsingar um breytingar á kennaraliði. Einnig var lagt fram yfirlit yfir nemendafjölda og skiptingu á námsbrautir. Í upphafi annar eru 266 nemendur í dagskóla (209 ársnem.).

2. Þekkingarsetur ofl, Páll Marvin Jónsson.

Páll Marvin forstöðumaður rannsókna og fræðaseturs HÍ í Vestm. fór yfir aðdraganda að stofnun þekkingarseturs í Eyjum, þar sem stofnanir, félög og fyrirtæki sem vinna að rannsóknum, fræðslu, nýsköpun og tengdri þjónustu, taka saman höndum í sjálfs-eignarstofnun. Fór Páll yfir hugmyndafræðina sem byggt er á og rekstrargrundvöll, en nú hafa safnast 7,2 milljónir í stofnfé. Skólanefndin samþykkti aðild skólans að þekkingarsetrinu og stofnframlag að upphæð 200 þúsund.

Páll kynnti einnig „Köfunarskóla“ sem er í burðarliðnum hér í Eyjum (IS-DIVE) og er klasaverkefni sem sótt hefur um styrk í gegnum vaxtarsamning Suðurlands og Vestmannaeyja. Rætt var um hugsanlegt samstarf FÍV við köfunarskólann, td með sameiginleg námskeið og mat á einstaka þáttum til eininga. Ákveðið að skoða þetta betur.

3. Verkefnastjóri og kynningarstarf.

Rætt var um ráðningu utanaðkomandi verkefnisstjóra til að fara með stjórnendum og kennurum í stefnumótunarvinnu á næstu mánuðum. Fram kom að skólameistari hefur rætt við Ingibjörgu Þórhallsdóttir, sem vann svipaða vinnu fyrir Háskólasetrið á síðasta ári og þótti standa sig vel. Hún mun fá send gögn frá skólanum til að átta sig á verkefninu og bera það síðan saman við sinn tímaramma til að sjá hvort til greina kæmi að taka þetta að sér.

Einnig var rætt um kynningarstarf á vorönn 2008 og var samþykkt að fá auglýsingastofu til liðs við okkur og kynna sérstaklega skipstjórnar- og vélstjórnarnám skólans ásamt heimavistarmöguleika sem býðst í samráði við Hótel Hamar.

3. Önnur mál.

Stuttlega rætt um tækjabúnað skólans og möguleika til að efla hann. Nýju framhaldsskólafrumvarpi var dreift, til skoðunar, ásamt rekstraráætlun ársins 2008.

Næsti fundur verður þriðjudaginn 12. febrúar 2008, kl 17:15

Fleira ekki gert, fundi lauk um kl 13:15
Ólafur H. Sigurjónsson.